

Svar

umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra við fyrirspurn frá Kára Gautasyni um raforku.

1. Hver er aukning í raforkuframleiðslu á tímabilinu 1. janúar 2017 – 1. janúar 2024 í gígavattstundum?

Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun jókst raforkuvinnsla á tímabilinu um 1.005 GWst og var í árslok 2023 20,24 TWst.

2. Hver er aukning í raforkunotkun gagnavera á fyrrgreindu tímabili í gígavattstundum?

Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun jókst raforkunotkun gagnavera um 772 GWst á tímabilinu.

3. Hver er aukning í raforkunotkun kísilmálmvera á fyrrgreindu tímabili í gígavattstundum?

Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun jókst raforkunotkun kísilmálmvera um 235 GWst á tímabilinu.

4. Hver er aukning í raforkunotkun heimila annars vegar og smærri fyrirtækja hins vegar á fyrrgreindu tímabili í gígavattstundum?

Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun jókst raforkunotkun heimila um 114 GWst á tímabilinu og almennra fyrirtækja um 164 GWst á sama tímabili.

5. Hvert var orkutap í flutningskerfi raforku á fyrrgreindu tímabili í gígavattstundum?

Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun var að meðaltali 381 GWst tap í flutningskerfi raforku á ári á umræddu tímabili.

6. Hver var eigin orkunotkun virkjana á fyrrgreindu tímabili í gígavattstundum?

Eigin orkunotkun virkjana í rekstri var að meðaltali 381 GWst á ári á umræddu tímabili.

Til að setja framangreind svör í samhengi vísast í töflu hér á eftir sem sýnir þróun raforkuvinnslu og notkun hennar.

	Raforkuvinnsla	Gagnaver	Kísilmálmver	Heimili	Almenn fyrirtæki	Flutningstöp	Eigin notkun virkjana
	GWst	GWst	GWst	GWst	GWst	GWst	GWst
2017	19.239	279	13	823	2.478	373	374
2018	19.830	582	233	865	2.660	398	394
2019	19.495	990	294	848	2.486	366	391
2020	19.130	828	181	879	2.415	353	383
2021	19.641	966	261	915	2.432	388	355

	Raforkuvinnsla	Gagnaver	Kísilmálmver	Heimili	Almenn fyrirtæki	Flutningstöp	Eigin notkun virkjana
2022	20.121	1.156	422	912	2.473	385	377
2023	20.244	1.051	248	937	2.642	403	392